

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 22. maí kl. 13:00 var haldinn 335. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Davíð Sigurðsson í fjarveru Guðveigar Eyglóardóttur.

Einnig tók Sævar Freyr Þránínsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 334 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mætti til fundarins Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála ásamt Örnú Vigdís Jónsdóttur, fjármálaleiðtoga OR og Bryndísi Maríu Leifsdóttur, forstöðumanni reikningshalds. Lögðu þau fram og kynntu árshlutauppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir fyrsta ársfjórðung 2023. Umræður.

Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar, dags. 19. maí 2023.

Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða. Reikningurinn verður undirritaður rafrænt.

Benedikt gerði einnig grein fyrir stöðu fjármögunar.

Áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. maí 2023 lögð fram og skýrð.

3. Klukkan 13:30 mættu til fundarins þau, Helga Lára Hauksdóttir verkefnastjóri, Þorsteinn Helgi og Jóhann Einarsson, ráðgjafar frá Arion banka, ásamt Erling Frey Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Ljósleiðarans og kynntu fyrirhugað hlutfjárútbóð Ljósleiðarans. Umræður. Ákveðið að hafa auka stjórnarfund um málið þann 31. maí 2023 kl. 9:00.
4. Lagðar fram upplýsingar um niðurstöður útboðs fyrir endurskoðunarþjónustu samstæðu Reykjavíkurborgar. Stjórn samþykkir að veita forstjóra umboð til boðunar eigendafundar til að ganga frá kjöri endurskoðanda fyrir árið 2023. Dagsetning eigendafundar verði ákveðin að höfðu samráði við handhafa eigendavalds.
5. Lagt fram minnisblað um rýni ÖHV stefnu. Stefnan rýnd og samþykkt.
6. Klukkan 14:50 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og menningar og greindi frá stöðunni í kjarasamningsviðræðum.
7. Klukkan 15:05 mætti Hólmfríður Haraldsdóttir til fundarins og gerði grein fyrir stöðu sem upp er komin varðandi upprunaábyrgðir raforku. Umræður.
8. Klukkan 15:50 mættu Vala Hjörleifsdóttir, forstöðukona Nýsköpunar og framtíðarsýnar til fundarins, ásamt Þrání Friðrikssyni, Hildi Kristjánsdóttur og Benedikt Kjartan Magnússyni og greindu frá færslu kostnaðar vegna rannsókna á nýjum svæðum í Hengli frá Orku náttúrunnar til Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

Lögð fram til samþykktar tillaga um um rannsóknarboranir í norðanverðum Meitlum, samtals að fjárhæð kr. 680.900.000,- Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 17. maí 2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 19. maí 2023. Umræður.
10. Forstjóri lagði fram og kynnti tillögu um fyrirkomulag undirbúnings stefnumörkunar stjórnar.
11. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 17.05.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 19.04.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Carbfix hf. dags. 17.04.2023*

*Drög að fundargerð stjórnar eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. dags. 28.04.2023*

*Minnisblað framkvæmdastýru eignarhaldsfélagsins Carbfix dags. 26.04.2023*

*Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 17.05.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 19.04.2023*

12. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni um starfsemina milli stjórnarfunda, dags. 19. maí 2023. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:45.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 26. júní 2023.**

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Davíð Sigurðsson.

# Undirritunarsíða

Gylfi Magnússon

Valgarður Lyngdal Jónsson

Elín Björg Smáradóttir

Vala Valtýsdóttir

Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir

Skúli Þór Helgason

Þórður Ísberg Gunnarsson

Sævar Freyr Þráinsson

Davíð Sigurðsson